

EFNISYFIRLIT

03 / INNGANGUR

04 / EFNI HANDBÓKAR

05 / MÁLTAKA ANNARS TUNGUMÁLS

08 / MATSAÐFERÐIR

10 / HVAÐ - HVERNIG

11 / MÓDEL

14 / FJÓRAR AÐFERÐIR SEM NOTA MÁ TIL AÐ SAFNA GÖGNUM

16 / LISTAR - SKRÁNINGARBLAÐ - EINSTAKLINGSÁÆTLUN

24 / HEIMILDIR

STAÐA > FRAMFARIR > FRAMHALD

© Kolbrún Vigfúsdóttir

Reykjavík, 2005

Hönnun: A4/Helga Gerður Magnúsdóttir

Prentun: Svansprent

...?

Útgáfa handbókarinnar er styrkt af Vísindasjóð i Félags leikskólakennara.

INNGANGUR

Börn af erlendum uppruna eru stækkandi hópur í leikskólanum og með honum koma ný og spennandi verkefni inn í starf leikskólans, auk þess eykur hann mannlífsflórana í leikskólanum öllum til gagns og gamans.

Eitt af hlutverkum leikskólans gagnvart þessum hópi er að kenna börnunum íslenska tungumálið. Ef ná á árangri í kennslu og örvun íslenskunnar er nauðsynlegt að fylgjast með framförum barnanna í nýja tungumálinu.

Stöðluð próf henta illa til að meta stöðu og framfarir barna sem eru að tileinka sér annað tungumál og því er nauðsynlegt að tileinka sér leiðir sem taka tillit til þeirra mörgu þátta sem geta haft áhrif á máltöku og framfarir í nýja tungumálinu.

EFNI HANDBÓKAR

Þessi handbók er ætluð leikskólum sem hjálpartæki við að meta stöðu og framfarir barna af erlendum uppruna í íslensku. Hér er ekki um að ræða próf, heldur byggist aðferðin á skráningu á atferli og málnotkun barnanna. Aðferðin byggist á einföldu módeli og gefnar eru fjórar hugmyndir um hvernig hægt er að vinna skipulaga að skráningu á málþroska og atferli barnanna.

Handbókinni fylgja listar sem hægt er að nota við að skipuleggja og halda utan um skráninguna. Í upphafi handbókarinnar eru sett fram nokkur atriði sem gott er að hafa í huga þegar meta á máltöku annars tungumáls.

SKÝRINGAR Á NOKKRUM HUGTÖKUM SEM NOTUÐ ERU Í HANDBÓKINNI

- >> Móðurmál, stundum nefnt fyrsta tungumál.
- >> Annað (önnur) tungumál, hér er átt við tungumál sem einstaklingurinn lærir á eftir móðurmálinu.
- >> Tvítyngd börn, hér er átt við börn sem eiga annað móðurmál en íslensku og eru að tileinka sér íslensku sem annað tungumál.
- >> Yrt samskipti, hér er átt við samskipti milli kennara og barns þar sem lögð er áhersla á talað mál.
- >> Heimamenning, hér er átt við menningu og gildi foreldra sem börnin alast upp við.
- >> Þögla tímabilið, þegar börn koma inn í nýtt málumhverfi eru þau stundum þögul í vikur eða mánuði.

Skráning sem mat á færni og framförum barna í nýju tungumáli er ekki tæki, það er ferli sem stöðugt er í gangi.

MÁLTAKA ANNARS TUNGUMÁLS

Að tileinka sér nýtt tungumál er stórt verkefni fyrir ung börn og margir þættir geta haft áhrif á það ferli. Þar má m.a nefna persónuleika og sjálfstraust barnsins, félagslegar aðstæður, móðurmál og menningarlegan bakgrunn fjölskyldunnar. Stöðu og framfarir barns sem er að tileinka sér annað tungumál er ekki hægt að meta á sama hátt og þegar um máltöku móðurmáls er að ræða. Mikilvægt er líka að hafa í huga að máltaka barna sem eru að tileinka sér tvö eða fleiri tungumál í einu getur tekið lengri tíma. Ekki er nóg að fylgjast eingöngu með máltöku eins tungumáls, það gefur takmarkaðar upplýsingar um málþroska barnsins. Þess vegna er nauðsynlegt að vera í góðu sambandi við foreldra og fá upplýsingar frá þeim um málþroska barnsins.

Hvað á að meta

– hvað vil ég vita um þetta barn?

MÁLÞROSKI ER TENGDUR MÖRGUM ÞROSKAÞÁTTUM

Þegar meta á færni og framfarir barns sem er að læra annað tungumál er mikilvægt að horfa á fleiri þroskaþætti en málþroska. Vandamál sem tengjast vitsmunþroska, félags- og tilfinningaþroska og líkamlegum þroska hafa áhrif á máltöku bæði móðurmáls og annars tungumáls. Möguleiki barns til að efla vitsmunalega færni sína getur takmarkast tímabundið vegna vanhæfni til að skilja og nota tungumálið, einnig getur félags- og tilfinningaþroska barns skort örvun þar sem barnið nýtur ekki eðlilegra samskipta við önnur börn. Jafnvel getur líkamlegur þroski tafist vegna þess að barnið hefur ekki áhuga á, eða þorir ekki að leika við önnur börn. Þess vegna er nauðsynlegt að fylgjast með færni barnsins á öllum þessum sviðum, þar sem allar þroskaþættir eru tengdir og háðir hver öðrum.

Hæfileikinn til að tjá sig og skilja aðra er kjarninn í hugtakinu málþroski. Virðist einfalt,

en þetta er líka færni sem aldrei er fullkomnuð. Góður málþroski og kunnátta í öðru tungumáli inniber að geta í töluðu og rituðu máli tjáð það sem maður vill tjá, ekki bara það sem maður getur tjáð. [Allir sem reynt hafa vita hvernig upplifun það er að geta aðeins sagt það sem maður kann en ræður ekki við að segja allt það sem maður vill segja.](#)

MÓÐURMÁL OG HEIMAMENNING

Góður grunnur í móðurmáli, einu eða tveim, er undirstaða þess að börn geti tileinkað sér nýtt tungumál á auðveldan og árangursríkan hátt, en börn alast líka upp við mismunandi heimamenningu sem einnig hefur áhrif á máltöku þeirra á nýja tungumálinu. Ekki má líta á það sem vandamál þegar barnið talar ekki íslensku af sömu færni og innfædd börn á sama aldri. Rangur framburður er ekki talgalli, barn sem hefur af einhverjum ástæðum ekki fullkomna færni til að nota nýja tungumálið í samskiptum á ekki við vandamál að stríða. Margar orsakir geta valdið því að barn virðist seint til að tileinka sér nýja tungumálið, t.d. lítil málörvun á móðurmálinu og/eða nýja tungumálinu. Einnig getur andleg líðan barnsins eða félagslegar aðstæður fjölskyldunnar haft áhrif á máltökuna. Nauðsynlegt er að horfa á alla þessa þætti þegar reynt er að meta stöðu og framfarir barna í íslensku sem öðru tungumáli. Eitt sem mikilvægt er að gera sér grein fyrir þegar meta á tvítyngt barn er að skoða hvaða skyldleiki er milli móðurmáls barnsins og íslenskunnar, t.d. málfræði, framburður, stafróf og hljóðkerfi.

Það sem á við um einn,
[á ekki endilega við um annan.](#)

Mannleg samskipti litast af menningarlegum bakgrunni og það sem einn kallar „góð samskipti” hefur ekki sömu merkingu hjá öðrum, þetta er einnig mikilvægt að hafa í huga því börn frá öðrum heimsálfum hafa e.t.v. vanist annarri framkomu við kennara og /eða leikfélaga en því sem þekkist hér á landi. Börn

geta alist upp við að það sé óviðeigandi að hefja samræður eða horfa beint í augu fullorðinna og einn getur þurft lengri tíma en annar til að svara spurningum fullorðinna. Þannig mætti áfram telja en mikilvægast er að gera sér grein fyrir að allir eru einstakir og allir eiga sér bakgrunn sem er einstakur. Einnig er gott að hafa í huga að hefðir í málörvun barna eru ekki eins hjá öllum sem og samskipti barna og fullorðinna almennt. Frásagnaraðferðir og samræður geta líka verið menningarbundnar.

Börn þurfa aðstæður þar sem tækifæri gefst til að segja frá, hlusta og spyrja spurninga.

MÁLUMHVERFI


Barn lærir nýtt tungumál af öllu því sem það heyrir og sér í leikskólanum og í samskiptum við kennara og börn í öllu almennu starfi. Leikskólinn þarf að bjóða börnum gott og hvetjandi málumhverfi, þar sem þau fái tækifæri til að nota tungumálið, segja frá, hlusta, gera grein fyrir hugmyndum og hugsunum, ræða saman og skiptast á skoðunum. Í stórum og smáum hópum, með jafnöldrum og fullorðnum. Barn sem ekki segir frá af eigin frumkvæði, gerir það e.t.v. ef það fær hvatningu, því það krefst sjálfsöryggis að þora að reyna og taka þarf tillit til þess að þar getur oft verið um mikinn mun að ræða milli einstaklinga.

Einstaklingar eru misjafnir, einn er sjálfsöruggur meðan annar er óöruggur.

Kennarinn þarf að spyrja sig. Hversu vel þekki ég börnin. Gef ég hverju barni nægan tíma. Tek ég eftir framförum barnanna og leyfi ég þeim að þróast eftir getu og áhuga hvers og eins. Tek ég tillit til heimamenningar barnanna, hvernig er samstarf mitt við foreldra. **Met ég mína eigin frammistöðu.**

MATSADFERÐIR

Stöðluð próf henta illa eða ekki til að meta færni og framfarir barns sem er að tileinka sér nýtt tungumál. Í fyrsta lagi skilur barnið lítið eða ekki það tungumál sem notað er í prófinu. Í öðru lagi getur verið um ólíka bakgrunns-



menningu að ræða sem veldur því að barnið skilur ekki eða vill ekki taka þátt í þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Auk þess er hætt á að barnið og/eða sá sem prófar kunni ekki að lesa óyrst atferli hvors annars, slíkt getur leitt til mis- skilnings af beggja hálfu. Öll þessi atriði geta valdið því að barnið kemur ekki vel út úr prófi.

Þegar um er að ræða börn eða fullorðna sem ekki hafa fullt vald á íslensku er mikilvægt að fullvissa sig um að boðskapurinn sé rétt skilinn af báðum, sendanda og móttakanda. Þess vegna benda margir á að skráning á atferli barnsins og færni þess til að nota tungumálið sé betri leið til að safna upplýsingum um daglegt nám og starf barnsins. Slík skráning er síðan notuð til að leggja mat á stöðu og framfarir barnsins í nýja tungumálinu. Skráningin gefur auk þess betri möguleika á að mæta þörfum einstaklinganna og aðstæðum á hverjum stað. Kennarar og leiðbeinendur í leikskólanum geta aðlagð aðferðina eftir því sem hentar skipulagi í leikskólans. Hver leikskóli velur sínar leiðir við skráningu, eftir því sem hentar hverjum og einum. Þar sem því verður við komið er gott ef þeir starfsmenn sem vinna með barninu geta komið á einn eða annan hátt að því verkefni að safna upplýsingum.

Öðrum hentar betur að einn starfsmaður sjái um þessa skráningu, en betur sjá augu en auga og því er mikilvægt að fá sýni fleiri en eins á færni og framkomu barnsins.

Skýr mynd af stöðu og framförum barns fæst því aðeins að þær upplýsingar sem gengið er útfrá séu fengnar bæði í leikskólanum og frá foreldrum barnsins.

Margir leikskólakennarar hafa það fyrir reglu að gera athuganir og skráningu á atferli barnanna í leik og starfi, s.s. hvernig þau tala og tjá sig, hvernig þau vinna ein eða í hópi og hvaða þekkingu og færni þau eru að þroska. Með þjálfun getur kennari náð leikni í að gera athuganir og mat á framförum barns í öðru tungumáli. Útfrá þekkingu sinni á máltöku móðurmáls getur kennarinn áætlað hvaða útkomu er eðlilegt að vænta miðað við aldur barnsins, en auk þess þurfa kennarar að hafa nokkra þekkingu á máltöku annars tungumáls og hvernig börn tileinka sér annað tungumál á mismunandi hátt.

Við mat á börnum sem eru að læra annað tungumál er nauðsynlegt að taka tillit til viðhorfa sem tengjast menningu foreldra og geta haft áhrif á það hvernig börn leika sér, læra og tengjast öðru fólki. Athugandinn þarf því að kynna sér heimamenningu barnsins eins vel og mögulegt er til að geta mætt barninu og skilið atferli þess. Óyrt skilaboð frá börnum sem eiga ólíkan menningarbakgrunn eru oft misskilin t.d. er það ekki einhlítt að börn horfi í augu fullorðinna þegar talað er við þau.

HVAÐ - HVERNIG

Hvaða gögnum á að safna?

Nauðsynlegt er að safna fjölbreyttum gögnum um barnið í daglegum leik og starfi leikskólans. Skoða þarf málnotkun, atferli, verklega færni og aðra þekkingu barnsins í leikskólanum. Tekur barnið eðlilegan þátt í leik, á hverju byggist þátttaka barnsins, tekur barnið þátt í samræðum, skilur það fyrirmæli. Hvernig eru teikningar og annað skapandi starf sem barnið vinnur með.

Þó barn tjái sig ekki með orðum, þarf kennarinn að skrá hvort honum sýnist barnið skilja það sem sagt er við það, getur það svarað á viðeigandi hátt eða ekki. Þetta er sérstaklega mikilvægt gagnvart börnum sem eru að læra annað tungumál og eru á því sem kallað er þöglu tímabilið. Á því tímabili tala börnin lítið eða ekkert en skilningur þeirra er að þróast og þau eru að safna þekkingu um nýja tungumálið.

Auk þess að safna upplýsingum um barnið í leikskólanum, er nauðsynlegt að byggja upp gott foreldrasamstarf þar sem traust ríkir milli foreldra og leikskóla það eykur líkurnar á að leikskólinn fái réttar upplýsingar um barnið. Foreldrar gefa mikilvægar upplýsingar um máltöku móðurmáls, persónuleika, félagslega færni og almennan þroska auk margs annars, sem allt skiptir máli fyrir máltöku annars tungumáls.

SKIPULAG OG FRAMKVÆMD


Kennarahópurinn reynir að finna auðvelda og árangursríka leið til að safna upplýsingum og koma sér saman um hvað henti hverjum og einum best. Öruggt þarf að vera að öllum börnum sé veitt athygli, alltaf er viss hætt á að hljóðu börnunum sé ekki gefin nægur gaumur.

Meginregla við söfnun upplýsinga er að kerfið sé einfalt og auðvelt í notkun. Ef gerð er skynsamleg áætlun, ætti kennarinn að geta þróað einfalt kerfi til að ná fram markmiðunum.

Árangursrík aðferð er að gera athugun þar sem fylgst er með og skráðar upplýsingar um einn þátt í einu, t.d. orðaforða eða málskilning, einnig þurfa kennarar að temja sér að hripa niður stutt minnisatriði um barnið, þegar þeir sjá eða heyra eitthvað nýtt eða athyglisvert í tali barnsins eða atferli. Gott er að taka upp á hljóðsnældu eða myndband, sýnishorn af máli barnsins til að geta skoðað hvort framburður, orðaforði og málfræði þróast viðeigandi hátt.

Skipulag og framkvæmd mats á stöðu og framförum barns sem er að tileinka sér íslensku sem annað tungumál má hugsa sem hring. (Sjá módel)

MÓDEL



1. ÁÆTLUN

Byrjað er á því að skoða stöðu barnsins. Hvað er barnið gamalt? Hvað er það búíð að vera lengi í leikskólanum? Hvert er móðurmál barnsins? Er barnið tvítyngt (ísl/erlent tungumál) eða eintyngt (erlent tungumál)? Gera sér mynd af barninu, hver er líkleg staða þess í íslensku?

Gerð síðan áætlun um hvaða upplýsingum á að safna, á hvað löngum tíma, hvenær á að safna þessum upplýsingum, hvernig á að safna þeim og hver safnar upplýsingunum.

2. SÖFNUN GAGNA

Hvaða upplýsingum á að safna? Ákveða þarf hvaða upplýsingum á að safna, um orðaforða, málskilning, félagslega færni o.s.frv. Hvað á skráningin að ná yfir langan tíma, vikur eða mánuði. Hvenær á að safna þessum upplýsingum, í leikstundum, vinnustundum, matartíma o.s.frv. Hvaða aðferðir á að nota við skráninguna, (sjá aðferðir við að safna gögnum bls. 14). Hver á að sjá um skráninguna. Fyrst og fremst er lögð áhersla á að safna upplýsingum um hvernig barnið notar tungumálið, en auk þess upplýsingum um félagsleg samskipti, verklega færni o.fl.

Rétti tíminn? Að finna tíma getur reynst vandi, þar sem allir hafa yfrið nóg að gera og margar aðrar skyldur. Í byrjun ætti bara að gera fáar athuganir á viku en þegar starfsfólk er orðið vant getur það fjölgað þeim.

Hvernig á að gera? Algeng mistök eru að ætla sér að gera of mikið. Ekki reyna að fylgjast með of mörgum börnum í einu og ekki taka fyrir of mörg atriði. Tvö til fjögur börn í hverri viku þar sem eitt atriði er skoðað fyrst og fremst t.d. orðaforði, málskilningur, málfræði. Mikilvægt er að afmarka verkefnið vel. Leggja þarf áherslu á að safna upplýsingum um hvernig barnið notar tungumálið í og við hinar ólíkustu aðstæður. Hvernig það leitar upplýsinga, gefur

upplýsingar, hvernig það nær fram markmiðum sínum og óskum. Hvernig það nær athygli og hvernig það notar tungumálið sér til skemmtunar. Færni í að tjá sig með orðum er ekki eitthvað sem maður annað hvort getur eða getur ekki, það er færni sem heldur áfram að þroskast og þróast eða af einhverjum ástæðum gengur til baka eða tekur óvænta stefnu. Þess vegna er mikilvægt að fylgjast með framförum barnsins í yrtum samskiptum þar sem þau skipta miklu máli fyrir máltöku annars tungumáls.

Auk athugana (skipulagðra og óskipulagðra) á framförum barnsins er nauðsynlegt að skipuleggja öðru hvoru aðstæður þar sem kennarinn skoðar heildar færni barnsins til að nota tungumálið og hversu góðan málskilning það hefur. Sérstaklega á þetta við um elstu börnin í leikskólanum. Hvaða aðferð sem maður notar er mikilvægt að athuganir séu skráðar og hver og einn verður að finna sína leið við að skrá eins kerfisbundið og mögulegt er. Hver og einn verður líka að skapa sitt eigið kerfi s.s. skammstafanir, merki um endurteknar athafnir o.s.frv. Þegar kennarinn hefur skapað sitt eigið kerfi verður starfið léttara og tekur minni tíma.

Að þróa árangursríkt mat er ekki endilega auðvelt og algengustu mistökin eru að reyna að gera of mikið í einu.

3. FORELDRAVIÐTAL

Mat á færni og framförum barnsins byggist á ítarlegum upplýsingum um barnið, þar með talið upplýsingum frá foreldrum um hvernig barnið er statt í máltöku móðurmálsins, hvaða aðferðir foreldrar nota til að viðhalda móðurmálinu. Foreldrar fá upplýsingar frá leikskólanum um hvernig barninu gengur að tileinka sér íslensku og hvað leikskólinn telur æskilegt að leggja áherslu á í því sambandi.

4. SKRÁNING GAGNA

Hver nemandi hefur sína möppu. Í möppunni er allar þær upplýsingar sem safnað hefur verið yfir ákveðið tímabil. Það eru upplýsingar sem fengnar eru með atferlisathugunum, viðtölum, allar nótur sem kennarar hafa tekið niður í daglegu starfi, myndir sem barnið hefur teiknað, sögur og ljóð sem það hefur samið, myndir og upplýsingar frá foreldrum. Á eins til þriggja mánaða fresti eru gögnin greind, listuð upp og skráð umsögn um stöðu barnsins.

5. NIÐURSTAÐA - MAT

Þegar umsjónakennari barnsins hefur greint innihald möppunnar tekur hann niðurstöður og metur stöðu barnsins og framfarir í íslensku út frá þeim. Sérstaklega er mikilvægt að skoða hvað barnið getur og kann. Á því þarf áframhaldandi vinna að byggjast. Kennarinn verður að meta færni og framfarir barnsins með því að skoða hvað það getur gert á sinn eigin einstaka hátt.

6. EINSTAKLINGSNÁMSKRÁ

Þegar kennari hefur metið stöðu barnsins í íslensku út frá þeim upplýsingum sem hann hefur safnað í leikskólanum og hjá foreldrum, setur hann markmið inn í námskrá barnsins í samráði við foreldra, eða heldur áfram með þau markmið sem fyrir eru. Í námskránni kemur fram hvernig starfsmenn leikskólans ætla að vinna með barninu næstu mánuði. Það getur t.d. verið áætlun um að auka orðaforða barnsins, málskilning, þekkingu á ákveðnum sviðum eða styrkja félagslegan þroska þess. Í einstaklingsnámskránni kemur einnig fram hvaða verkefni foreldrar ætla að vinna með heima. Ef leikskólinn er t.d. að vinna að því að auka orðaforða barnsins geta foreldrarnir lagt áherslu á það sama á móðurmálinu.

Allar athuganir verða að vera eins hlutlausar og mögulegt er. Fyrirfram ákveðin viðhorf til barns mega ekki draga úr hlutleysi. **Barn sem lítið ber á getur haft styrkleika sem auðvelt er að sjást yfir.** Sá sem er duglegur að tjá sig munnlega getur átt erfiðara með verkelga þætti en kennarinn á von á o.s.frv. **Hvernig sem unnið er þarf alltaf að hafa í huga að mat er ekki gert til þess að bera saman færni barnanna.**

Fyrirfram skipulögð athugun þar sem kennarinn er ekki þátttakandi

Kennarinn er búinn að ákveða hvaða færni hann vill skoða t.d. orðaforða eða málskilning. Hann er líka búinn að velja aðstæður t.d. leikstund eða matmáls-
tíma þar sem annar kennari sér um samskiptin. Þar sem hann er ekki þátt-
takandi getur hann punktað niður athugasemdir jafn óðum og þarf ekki að
skipta sér af samskiptum hópsins eða grípa inni aðstæður.

Fyrirfram skipulögð athugun þar sem kennarinn er þátttakandi

Auðvelt er að setja upp aðstæður þar sem þessi aðferð gengur vel upp. Ágætt
að setjast niður með nokkrum börnum, sem eiga íslensku að móðurmáli og
tvítyngdum, þar sem þau eru t.d. að teikna eða mála. Verkefnið gefur mörg
tækifæri til samræðu bæði milli barna og milli kennara og barna. Hægt er að
hafa hjá sér bók eða blað til að hripa niður athugasemdir.

Óskipulagðar athuganir þar sem kennarinn er þátttakandi

Oft á dag koma upp aðstæður í leikskólanum þar sem auðvelt er að beita þess-
ari aðferð. Við matarborðið fer fram mikil umræða um margskonar málefni
sem oft er stýrt af börnunum sjálfum. Einnig í fataklefa, útivist, leikstundum,
og vettvangsferðum, svo eitthvað sé nefnt. Kennarinn skráir niður athuga-
semdir eins fljótt og hægt er eða þegar tækifæri gefst.

Undirbúið viðtal við barn til að meta málskilning og fleira

Valið er rólegt umhverfi þar sem ekki er hætt á ónæði.

Viðtalið við barnið snýst um atburð sem það er nýbúið að upplifa í leikskólanum, bók sem barnið þekkir og hefur áhuga á, vettvangsferð, leikstund eða eitthvað annað. Gott er ef kennarinn hefur ekki tekið þátt atburðinum / upplifuninni þar sem það getur aukið áhuga barnsins á að segja kennaranum frá. Viðtal er líka hægt að undirbúa í samráði við foreldra. Foreldrar ásamt barninu velja hlut eða bók sem barnið vill sýna kennaranum í leikskólanum.

Nauðsynlegt er að taka viðtalið upp á hljóðsnældu svo kennarinn geti einbeitt sér að því að tala við barnið. Að loknu viðtali skráir kennarinn viðtalið nákvæmlega eins og það kemur fram, s.s. öll hlé og hik barnsins, allar endurtekningar, ranga eða rétta orðnotkun og málfræði.

Barnið þarf að hafa áhuga og ánægju af þessu verkefni, annars getur því farið að líða eins og það sé í prófi

TIL FREKARI ATHUGUNAR

Ef ekki fást nema takmarkaðar upplýsingar frá barni og ekki kemur fram það sem ætlunin var að skoða, er stundum nauðsynlegt að tala við barnið meðan á athugininni stendur. Spyrja það spurninga og hvetja það til að gera eitthvað sem sýnir hvað það kann af því sem kennarinn vill skoða. T.d. ef barnið vill ekki segja sögu, þá getur verið nauðsynlegt að setja upp aðstæður og biðja barnið að segja sögu eða endurtaka / segja frá einhverju sem það hefur upplifað. Þetta má gera á marga vegu, ein leið er að láta barnið eiga samskipti við leikbrúðu sem spyr barnið hvort það vilji segja sér sögu. Þessi aðferð er fljótlegri að því leyti að þá þarf kennarinn ekki að bíða eftir að barnið segi söguna að eigin frumkvæði eða noti ákveðinn orðaforða. Þessi óformlega hvatning gefur miklar upplýsingar um orðaforða barnsins og hvort það getur notað tungumálið á viðeigandi hátt. Margskonar skapandi starf barnsins gefur einnig mikilvægar upplýsingar um málþroska þess, s.s. sögur sem barn segir kennaranum (skáldar) slíkar sögur er gott að skrifa niður eða taka upp á hljóðsnældu og geyma til seinni greiningar. Ljóð barnanna gefa upplýsingar um orðaforða, færni í að nota tungumálið á skapandi hátt og færni í að rýma orð. Listaverk barnanna geta gefið margskonar upplýsingar um þroska barnsins, m.a. um málskilning. Kennarinn getur t.d. beðið barnið að lýsa fyrir sér hvað sé á myndinni. Vinna með leikbrúður og leikræn tjáning gefur sömuleiðis upplýsingar sem nauðsynlegt er að nota þegar meta skal færni og framfarir barnsins í öðru tungumáli.

Hjá eldri börnunum er mikilvægt að skoða málskilning, hversu vel skilja börnin lesinn texta, geta þau endursagt texta eða fyllt inn í texta. **Þetta má auðveldlega skoða með því að lesa sömu bókina nokkrum sinnum, eða þangað til barnið þekkir orðið vel efni hennar.** Barnið á síðan að endursegja söguna eftir því sem það getur. Bókin þarf að vera myndskreytt svo barnið geti fylgt myndunum eftir og sagt söguna útfrá þeim. **Einnig er hægt að fá hóp af börnum til að rifja upp framhalds sögu sem verið er að lesa eða búa til sögu eftir myndum.**

LISTAR – SKRÁNINGARBLAÐ – EINSTAKLINGSÁÆTLUN

Á listunum koma fram þau atriði sem mikilvægt er að skoða til að fylgjast með stöðu og framförum barnanna í íslensku. Efnið er einnig gott að nota við gerð einstaklingsáætlunarinnar. Form fyrir skráningarblað og form fyrir einstaklingsáætlun fylgir með listunum. Frjálst er að skoða fleiri atriði en þau sem fram koma á listunum.


STAÐA OG FRAMFARIR - 3 TIL 5 ÁRA

Nafn barns:

Aldur: ár mán dag

Tímabil: frá til

Leikskóli: Kennari:



SAMSKIPTI OG SAMVINNA I	DAGS.	DAGS.	DAGS.	DAGS.	DAGS.
Sýnir gleði / ánægju / kæti					
Sýnir leiða / ótta					
Leikur við börn í litlum hópi					
Leikur við börn í stórum hópi					
Hefur frumkvæði að leik					
Tekur þátt í þykjustuleik					
Getur beðið eftir að röðin komi að sér					
Reynir að leysa ágreining með samræðum					
Tekur þátt í sameiginlegum verkefnum undir stjórn kennara					

ÞÁTTTAKA OG FRUMKVÆÐI Í SAMRÆÐUM I	DAGS.	DAGS.	DAGS.	DAGS.	DAGS.
Hlustar á aðra					
Spyr spurninga					
Reynir að útskýra					
Segir frá með hjálp kennara					
Segir frá án hjálpar kennara					
Reynir að hafa frumkvæði að samræðu					
Reynir að halda uppi samræðu með hjálp kennara					
Reynir að halda uppi samræðu við börn					


STAÐA OG FRAMFARIR - 3 TIL 5 ÁRA

Nafn barns:

Aldur: ár mán dag

Tímabil: frá til

Leikskóli: Kennari:



MÁLSKILNINGUR I	DAGS.	DAGS.	DAGS.	DAGS.	DAGS.
Skilur einföld fyrirmæli					
Skilur flóknari fyrirmæli ef þau eru vel útskýrð					
Fylgist með þegar lesin er einföld bók eða sögð saga í litlum hópi					
Reynir að taka þátt í sögustund - með viðeigandi athugasemdum					
Reynir að taka þátt í sögugerð með loðtöflu eða teikningu					
Reynir að tjá sig um og við mismunandi aðstæður - innan og utan leikskólans					
Reynir að tjá hugsanir sínar og tilfinningar					
Reynir að tala um það sem er að gerast í leik eða öðrum verkefnum					

FRAMBURÐUR I	DAGS.	DAGS.	DAGS.	DAGS.	DAGS.
Sterkur erlendur hreimur og / eða rangar áherslur - erfitt að skilja barnið					
Erlendur hreimur og / eða rangar áherslur - stundum erfitt að skilja barnið					
Skýr framburður og réttar áherslur					
Dags. Dags. Dags. Dags.					

ORÐAFORÐI I	DAGS.	DAGS.	DAGS.	DAGS.	DAGS.
Orðaforði lítill, mest um það sem eru sýnilegt í umhverfinu s.s. börnin, leikföng, húsgögn, Dæmi:					
Orðaforði mestmegnis hversdagsorð s.s. algenga atburði, í leik, við borðhald, um fatnað Dæmi:					
Reynir að leika með tungumálið t.d. ríma eða bulla					


STAÐA OG FRAMFARIR - 3 TIL 5 ÁRA

Nafn barns:

Aldur: ár mán dag

Tímabil: frá til

Leikskóli: Kennari:



NOKKUR PEKINGARATRÍÐI	DAGS.	DAGS.	DAGS.	DAGS.	DAGS.
Pekkir / segir nafnið sitt					
Veit og segir aldur sinn					
Pekkir /segir nafn foreldra					
Veit hvar það á heima					
Telur 1 - 10 / hærra					
Hefur talnaskilning 1 - 10 / hærra					
Pekkir liti - gulur, rauður, grænn, blár / fleiri liti					
Pekkir form - hvaða?					
Pekkir / skilur hugtök - hvaða?					

SAMSKIPTI OG SAMVINNA II	DAGS.	DAGS.	DAGS.	DAGS.	DAGS.
Hefur frumkvæði og stýrir leik til jafns við önnur börn					
Tekur virkan þátt í verkefnum með / eða án kennara					
Reynir að leysa ágreining með samræðu					

ÞÁTTTAKA OG FRUMKVÆÐI Í SAMRÆÐUM II	DAGS.	DAGS.	DAGS.	DAGS.	DAGS.
Hefur frumkvæði að samræðu við kennara					
Hefur frumkvæði að samræðu við önnur börn					
Tekur virkan þátt í samræðum við önnur börn, skiptast á skoðunum / rökræða					
Tekur virkan þátt í samræðum við kennara, skiptast á skoðunum / rökræða					


STAÐA OG FRAMFARIR - 3 TIL 5 ÁRA

Nafn barns:

Aldur: ár mán dag

Tímabil: frá til

Leikskóli: Kennari:



ANNAÐ	DAGS.	DAGS.	DAGS.	DAGS.	DAGS.
Sýnir áhuga á lestri / læst lesa / spyr um stafi					
Sýnir áhuga á skrift / læst skrifa					
Þekkir fyrsta stafinn í nafninu sínu					
Skrifar eigið nafn eftir fyrirmynd					
Skrifar eigið nafn án hjálpar					
Reynir að lesa einstök orð					

MÁLFRÆÐI	DAGS.	DAGS.	DAGS.	DAGS.	DAGS.
Beygir flest orð rétt. Dæmi:					
Notar réttar samtengingar. Dæmi:					
Notar réttar spurnarsetningar. Dæmi:					
Notar rétt persónufoðrn. Dæmi:					
Notar rétta setningaskipan. Dæmi:					
Notar rétt orðalag og orðmyndir. Dæmi:					
Leikur með tungumálið með því að ríma, semja ljóð og sögur, bera saman líkt og ólíkt. Dæmi:					


STAÐA OG FRAMFARIR - 3 TIL 5 ÁRA

Nafn barns:

Aldur: ár mán dag

Tímabil: frá til

Leikskóli: Kennari:



MÁLSKILNINGUR	DAGS.	DAGS.	DAGS.	DAGS.	DAGS.
Tjáir sig við mismunandi aðstæður - innan og utan leikskólans					
Segir frá því sem það hefur upplifað heima og í leikskóla					
Segir frá hugmyndum sínum í leik og starfi					
Endursegir hluta úr sögutexta - helstu atriði sögunnar					
Tekur þátt í leik / frásögn þegar notaðar eru leikbrúður					
Greinir orsök og afleiðingu út frá sögu eða myndum					
(hvað gerðist? - hvers vegna? hvað gerist næst?					
Raðar myndum í rétta röð og segir sögu - t.d. Ljósmyndir af					
atburðum sem barnið hefur tekið þátt í					
Endursegir sögu úr bók sem það þekkir vel - flettir blaðsíðum					
og fylgir myndunum í bókinni - bókin þarf að hafa spennandi					
söguþráð og myndir á hverri síðu					

EINSTAKLINGSNÁMSKRÁ

Nafn barns:

Nafn foreldra:

Nafn kennara:

Dagsetning:

Næstu vikur/mánuði leggur leikskólinn og foreldrar áherslu á að vinna með eftirtalda þætti.

LEIKSKÓLINN:

FORELDRAR:

Nafn barns:

Datasetting:

Aðstæður (verkefni – staðsetning – þátttakendur):

ATHUGUN:

NIDURSTÖÐUR:

HEIMILDIR

Dickinson, D.K. og Tabors, P.O. 2002. *Beginning Literacy with Language*. Baltimore, Paul. H. Brookes.

Isager, M. 1997. *Medina. Vurdering af tosprogede småbørns andetsprogsudvikling*. Odense, Special-pædagogisk forlag.

McLaughlin, B., Blanchard, A.G. og Osanai, Y. 1995. Assessing language development in bilingual preschool children. *Program Information Guide Serie*, 22, 1-20. Vefslóð: www.ncela.gwu.edu/pubs/pigs/pig.22.htm.

Skolverket. 2004. www.skolverket.se/

Tabors, P.O. 1997. *One Child, Two Languages. Children learning english as a second language*. Baltimore, Paul. H. Brookes.